

10.4.2. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016, 722/2017, 669/2018, 1278/2018 og 977/2020
Lög um mannvirki, nr. 160/2010

Kröfur (útilýsing)

Í grein 10.4.2 í byggingarreglugerð segir:

„Við hönnun á útilýsingu skal þess gætt að ekki verði um óþarfa ljósmengun að ræða frá flóðlýsingu mannvirkja. Tryggja skal að útilýsingu sé beint að viðeigandi svæði og nota skal vel skermaða lampa sem varpa ljósinu niður og valda síður glýju og næturbjarma.

Lýsing vinnustaða skal uppfylla að lágmarki kröfur staðalsins ÍST EN 12464-1 fyrir vinnustaði innandyra og staðalsins ÍST EN 12464-2 fyrir vinnustaði utandyra.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.

Leiðbeiningar

1. mgr.10.4.2 gr.: Lýsing bílastæða, gönguleiða og vinnusvæða utandyra skal vera góð og glýjufrí. Huga skal vel að litavali ljósastæða svo sjónskertir sjái þau betur. Hæð ljósapolla þarf að vera að lágmarki í mjaðmarhæð svo sjónskertum og blindum stafi ekki hætta af þeim. Best er að vera með ljósastæði með hlutfallslega stuttu millibili, að hámarki 10 m, þannig að þau vísi leiðina að inngangi bygginga sem hentar sérstaklega vel fyrir sjónskerta. Það kemur sjónskertum einnig vel ef tröppur og skábrautir eru með sterkari lýsingu en almennar göngu-leiðir og að inngangar séu mjög vel upplýstir.



Mynd 1. Lýsing

Yfirlit yfir breytingar sem gerðar hafa verið á leiðbeiningunni:

Útgáfa	Lýsing á breytingu:	Dags.
1.0	Á ekki við	12.10.2012
1.1	Tilvísanir settar inn	25.2.2013
1.2	Letur stækkað og tilvísanir fjarlægðar	28.6.2013
1.3	Tilvísanir fjarlægðar	16.8.2019
1.4	Tilvísanir fjarlægðar	15.11.2019
1.5	MVS breytt í HMS, tilvísanir fjarlægðar	7.2.2020
1.6	Yfirlit yfir breytingar	11.1.2021
1.7	Nafnabreyting	9.3.2021